

**Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins í velferðarráði**

Lagt er til að eignaskrifstofu Reykjavíkurborgar verði falið að finna nýtt og stærra húsnæði fyrir starfsemi Mánabergs þar til búið verður að byggja nýtt framtíðarhúsnæði fyrir starfsemina. Einnig er lagt til að núverandi húsnæði að Laugarásvegi 39 verði selt. Með vísan til ársskýrslu Barnaverndar Reykjavíkur liggur fyrir að húsnæði Mánabergs er löngu sprungið og nýting á húsnæðinu 130%. Starfsemin er komin yfir þolmörk, auk þess sem húsnæðið er löngu komið til ára sinna. Búið er að samþykkja að byggt verði nýtt húsnæði fyrir Mánaberg og gert ráð fyrir því í 5 ára fjárhagsáætlun, það hinsvegar breytir ekki þeirri staðreynd að núverandi húsnæði er óviðunandi og ekki hægt að búa við núverandi stöðu í 5 ár til viðbótar. Barnavernd Reykjavíkur hefur nú þegar framkvæmt þarfagreiningu fyrir nýtt húsnæði og því ekkert að vanbúnaði með að fara án tafar í leit að tímabundnu húsnæði. Starfsemi og þjónusta Barnaverndar Reykjavíkur er ein af mikilvægustu grunnþjónustu sem að sveitarfélög veita og því gríðarlega mikilvægt að Barnavernd Reykjavíkur sé tryggt húsnæði svo hægt sé að veita þessa þjónustu í samræmi við lögbundnar skyldur og að áfram sé hægt að byggja upp þá faglegu þjónustu sem veitt er á Mánabergi.